

LEIÐBEININGAR

SEQUENCE FYRIR BÖRN

MARKMIÐ: Fyrsti leikmaðurinn sem leggur niður SEQUENCE - röð af fjórum spilapeningum í sínum lit - hefur unnið spilið.

SEQUENCE (röð af spilapeningum): Óslitin röð af 4 spilapeningum í sama lit sem eru í beinni línu, annað hvort upp og niður eða þvert yfir leikborðið.

UPPSETNING SPILSINS: Setjið spilaborðið á miðjan spilafloötinn. Hver leikmaður velur eitt sett af lituðum spilapeningum og geymir þá hjá sér. Einn leikmaður stokkar spilin og gefur hverjum leikmanni 3 spil, eitt í einu með réttu hliðina niður. Hver leikmaður má skoða sín eigin spil. Afgangurinn af spilunum eru settur í bunka með réttu hliðina niður nálægt leikborðinu og verður notað sem DRAGBUNKI (til að draga úr).

SPILAÐ: Leikmaðurinn á vinstri hönd þess sem gaf byrjar og svo færast leikurinn til vinstri, réttisælis. Fyrsti leikmaðurinn velur eitt spil af hendi sinni og leggur það með réttu hliðina upp fyrir framan sig þar sem allir sjá það og myndar þar með kastbunka (hver leikmaður á að mynda kastbunka fyrir framan sig þar sem allir sjá hann). Því næst leggur leikmaðurinn einn af spilapeningunum sínum á reit á leikborðinu sem samsvarar spilinu sem var lagt í kastbunkann. Svo dregur leikmaðurinn eitt spil úr dragbunkanum og næsti leikmaður á að gera. Munið: Það eiga alltaf að vera 3 spil í hendi þegar maður er búinn að gera. Hvert spil er á tveimur stöðum á leikborðinu. Leikmaður má leggja á annan hvorn reitinn svo lengi sem ekki er kominn annar spilapeningur á hann. Ef þú ert með spil sem ekki hefur samsvarandi auðan reit á leikborðinu skaltu leggja spilið í kastbunkann þinn, draga nýtt spil úr dragbunkanum og reyna aftur. Þegar spilapeningur hefur verið lagður á leikborðið getur andstæðingurinn ekki fjarlæggt hann nema með Drekaþspili. Það eru engin Einhyrningsspil eða Drekaþspil á leikborðinu.

DREKAÞPIL: Það eru 2 Drekaþspil í spilastokknum. Til að spila Drekaþspili skaltu leggja það á kastbunkann þinn og fjarlægja einn spilapening andstæðings af leikborðinu. Þar með á næsti leikmaður að gera. Þú mátt ekki leggja einn spilapeninga þinna í sama leik.

EINHYRNINGSSPIL: Það eru 2 Einhyrningsspil í spilastokknum. Til að spila Einhyrningsspili skaltu leggja það á kastbunkann þinn og leggja einn spilapeninga þinna á HVADA REIT SEM ER á leikborðinu.

FRJÁLSIR REITIR: Það eru myndir af spilapeningum í öllum hornum leikborðsins. Þessi reitir eru frjálsir. Allir leikmenn mega nota þessa reiti eins og á þeim væri spilapeningur í þeirra eigin lit. Ef notað er horn á leikborðinu þarf aðeins 3 spilapeninga í sama lit til að fá heila Sequence-röð. Fleiri en einn leikmaður getur notað sama hornið sem hluta af sinni röð. Það eru ekki lagðir neinir spilapeningar á þessa reiti. Þegar dragbunkinn klárast á meðan á spilinu stendur, er öllum kastbunkum stokkað saman til að mynda nýjan dragbunka. Leikurinn heldur áfram réttisælis þar til einn leikmanna hefur lagt 4 spilapeninga í röð, og vinnur leikinn.